

Ræða Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins við setningu 40. landsfundar flokksins, 17. nóvember 2011

Talað orð gildir

Ágætu landsfundargestir, kæru félagar, góðu vinir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til fertugasta landsfundar Sjálfstæðisflokksins.

Við mætum til þessa fundar full af eldmóði og tilhlökkun, því að verkefni okkar er að skerpa þá stefnu, móta þá sýn og leggja drög að þeim verkum sem við vitum að munu verða Íslandi til heilla.

Og allt er það starf okkar reist á sjálfstæðisstefnunni, hinni göfugu, og sönnu hugsjón um frelsi einstaklingsins,

-um mátt hans til að skapa sjálfum sér og öðrum betri lífsskilyrði, ef kraftar hans fá tækifæri til að njóta sín,

-um jafnan rétt einstaklinga,

-og um skyldu hvers og eins til að koma fram af ábyrgð, heiðarleika og sanngirni.

Að gjöra rétt, og þola ei órétt.

Við stofnun flokksins árið 1929 var honum mörkuð sú stefna að annars vegar leggja drög að sjálfstæði landsins, og hins vegar „að vinna í innanlandsmálum að vísýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

„Stétt með stétt“ hefur verið kjörorð okkar frá upphafi og verður alltaf okkar leiðarljós.

Þetta eru þær hugsjónir og gildi sem sameina okkur í Sjálfstæðisflokknum – þær hugsjónir og gildi sem við, kæru félagar, berjumst saman fyrir á hverjum degi – og sem flokkurinn okkar hefur barist fyrir í meira en áttatíu ár.

**

Kæru félagar. Í síðustu viku lést kær vinur okkar, Matthías Á. Mathiesen.

Matthías var farsæll forystumaður og einn af burðarásunum í starfi Sjálfstæðisflokksins um áratugaskeið. Hann var leiðtogi okkar í gamla Reykjaneskjördæmi og gegndi mörgum ábyrgðarmiklum trúnaðarstörfum fyrir land og

þjóð, meðal annars sem utanríkisráðherra, fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra, samgönguráðherra og forseti neðri deildar Alþingis.

Öll störf sín rækti hann af miklum sóma.

Hann var góður maður, Matthías, heiðarlegur, duglegur og traustur. Maður sem gott var að leita til, bilaði aldrei gagnvart sínu fólki, brást aldrei trausti samherja sinna og þjóðar sinnar.

Með fráfalli hans er höggvið stórt skarð í okkar raðir.

Við minnumst hans með hlýju, og þakklæti fyrir allt það sem hann gerði fyrir okkur.

Ég vil biðja ykkur að rísa úr sætum og þannig votta Matthíasi Á. Mathiesen virðingu ykkar, um leið og við sendum fjölskyldu hans og vinum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Guð blessi minningu Matthíasar Á. Mathiesen.

Góðir sjálfstæðismenn

Það er óvenjustutt á milli landsfunda að þessu sinni, því það er ekki nema rúmt ár frá því að við komum saman síðast, þegar haldinn var aukalandsfundur.

Það var farsæl ákvörðun að efna til þess fundar. Mikið og gagnlegt starf fór þar fram og eins og ávallt, kjör á forystu flokksins. Nýr, glæsilegur varaformaður, Ólöf Nordal, tók til starfa.

Málefnavinnan var kröftug og tilhögun hennar var með nýju sniði sem féll í góðan jarðveg.

Þau tíðindi urðu á síðasta landsfundi að við settum okkur í fyrsta sinn jafnréttisstefnu. Skýrsla um framkvæmd hennar liggur frammi.

Á fundinum kynnti ég einnig skipan Framtíðarnefndarinnar og að komið yrði á fót starfshópi um og fjármála- og siðareglur.

Tillögur Framtíðarnefndarinnar sem liggja fyrir fundinum eru afrakstur mikillar vinnu sem Kristján Þór Júlíusson þingmaður hefur leitt af myndarskap undanfarið rúmt ár. Á um 40 fundum um allt land hefur verið hlustað eftir ólíkum skoðunum um alla þá þætti sem flokksmenn telja að geti gert skipulag Sjálfstæðisflokksins enn skilvirkara, enn lýðræðislegra og markvissara.

Þegar almennir flokksmenn fá tækifæri til að hafa áhrif, hefur á undanförunum árum ítrekað komið í ljós að þar

– í grasrótinni –

er að finna magnaðan drifkraft og ótæmandi uppsprettu nýrra hugmynda til að bæta starfið og stefnuna.

Enginn vafi er á því að hér er um að ræða viðamestu hugmyndir til breytinga á starfsháttum og skipulagi Sjálfstæðisflokksins sem nokkru sinni hafa verið lagðar fram.

Meðal annars er lagt til

-að auka aðgengi flokksmanna að landsfundum,

-að opna fyrir beinar kosningar innan flokksins um einstök mál

að gera breytingar á flokksráði og miðstjórn,

og

lagt til að nýta tæknina til að styrkja böndin og efla flokksstarfið.

Skýrslan er full af hugmyndum frá fólkinu í flokksnum um allt þetta og margt fleira.

Við horfumst óhikað í augu við að úrbóta væri þörf og gengum hreint til verks.

Öllum þeim, sem átt hafa þátt í starfi nefndarinnar, færi ég mínar bestu þakkir.

Það er eitt af mörgum mikilvægum verkefnum þessa fundar að taka ákvörðun um næstu skref.

**

**

Kæru vinir,

Sumir þeirra sem hér eru inni hafa staðið vaktina lengur en flest okkar. Það eru margir sem maður hugsar til, margir sem eru með okkur hér í dag, sem eiga svo sannarlega miklar þakkir skildar.

Mig langar hins vegar, áður en lengra er haldið – og það er sannur heiður fyrir mig sem formann – að fá að nefna einn einstakling til sögunnar og þakka honum hans ötula starf í þágu hugsjóna okkar á undanförnum áratugum.

Hann er dæmi um almennan flokksmann sem hefur staðið með okkur í gegnum þykkt og þunnt.

**

Hann heitir Friðrik Jónsson. Friðrik gekk í félag sjálfstæðra drengja árið 1935, þegar Sjálfstæðisflokkurinn var 6 ára.

Í gegnum tíðina hefur hann gegnt fjölmörgum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, var m.a. formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akranesi.

Hann var með okkur þegar landhelgin var enn 3 mílur.

og hann var með okkur þegar Viðreisnarstjórnin vann að afnámi hafta.

Friðrik mætir enn á félagsfundi.

Það er stutt er síðan hann kom á skrifstofu mína á Alþingi til að ræða hugðarefni sín.

Hann varð níræður í sumar.

Það gleður mig að segja ykkur frá því að hann er með okkur hér í dag, okkar elsti landsfundarfulltrúi.

Hann vill taka þátt í að móta framtíð Íslands !

Kæru vinir,

Það var hér í þessum sal fyrir rúmum tveimur árum sem ég bauð mig fyrst fram til að leiða Sjálfstæðisflokkinn. Þetta var um hálfu ári eftir að fjármálafrirtækin í landinu féllu og neyðarlögin voru sett.

Ég var á Alþingi þegar mótmælin byrjuðu haustið 2008.

Ég var þar þegar ráðist var inn á pallana, rúður voru brotnar, málningu og matvælum slett á þinghúsið.

Ég upplifði frá fyrstu hendi og sá í augum fólks reiðina í garð stjórnvalda, vonbrigðin með þingsið, ríkisstjórnina, stjórn málin.

Ég sá fylgi flokksins okkar í frjálsum falli. Í frjálsum falli.

Það var við þessar aðstæður, kæru landsfundarfulltúar, þegar flokkurinn okkar, Sjálfstæðisflokkurinn, og þjóðin öll var í sárum, sem ég hugsaði með sjálfum mér :

„Ég verð að gera allt sem í mínu valdi stendur til að bregðast við. Ég ætla að taka þátt í endurreisninni.

Ég ætla að leggja alla mína krafta í að það starf. .

Ég bauð mig fram til að leiða Sjálfstæðisflokkinn upp úr öldudalnum og endurheimta traust á sjálfstæðisstefnunni !

Og ég hugsaði með mér: Þetta er fyrsta kreppa minnar kynslóðar. Fram til þessa höfum við haft það best allra kynslóða sem búið hafa landið.

Nú er komið að okkur að skila til baka, að endurgjalda það sem fyrri kynslóðir gerðu fyrir okkur og gera það sama fyrir þá sem á eftir koma. Það verður best gert á grundvelli Sjálfstæðisstefnunnar.

**

Á landsfundinum vorið 2009 sagði ég verkefnið sem biði okkar í senn einfalt og erfitt.

Einfalt, vegna þess að við eigum hugsjónirnar sem hafa leitt íslenska þjóð til meiri velsældar en nokkurn gat grunað.

Erfitt vegna þess að á móti blés í efnahagsmálum og sumir samherjar okkar höfðu misst móðinn. Við þá sagði ég:

„Ekki leggja árar í bát – takið þátt í þeirri baráttu sem er framundan, þar sem tekist verður á um flest grunngildi okkar samfélags.“

Í þingkosningunum sem fóru fram innan við mánuði eftir fundinn fengum við 23,7% fylgi– hið minnsta í sögu okkar.

Þarna töpuðum við 13 prósentustiga fylgi frá kosningunum 2007 og misstum 9 þingmenn.

Ári síðar, skömmu fyrir landsfundinn okkar í fyrra, var fylgið komið í 30%.

Núna, þegar við komum saman í þriðja sinn á þremur árum mælist fylgið 36%.

Í dag er Sjálfstæðisflokkurinn með langmest fylgi allra stjórnsmálaflokka í landinu. Við myndum bæta við okkur 11 þingmönnum í kosningum.

Við höfum endurheimt fylgið sem tapaðist í síðustu þá. Stuðningsmönnum flokksins hefur fjölgað um 50% síðan vorið 2009.

Þetta er sannarlega mikill árangur. Af honum er ég stoltur - og það eigum við öll að vera, því þetta er okkar sameiginlegi árangur.

Á þessum fundi, og í framhaldi af honum, munum við halda áfram að styrkja stöðu okkar, og þannig munum við tryggja að Sjálfstæðisflokkurinn vinni góðan sigur í næstu kosningum.

Því fyrr sem þær verða haldnar, því betra fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en það sem mestu skiptir;

því betra fyrir fólkið í landinu.

Kæru landsfundarfulltrúar,

Þið hafið öll séð, að baráttan sem við heyjum í dag er eins og svo oft áður um grunngildi samfélagsins. Sömu grunngildin og löðuðu Friðrik okkar Jónsson að flokknum árið 1935.

Það er sótt að frelsi einstaklingsins og atvinnufrelsinu.

Eignarrétturinn á í vök að verjast.

Löggæslan í landinu líður fjárskort.

Sótt er að tjáningarfrelsinu. Pólítísk rétt hugsun tröllríður öllu.

Trúfrelsið er misskilið. Sumir virðast halda að það snúist um að enginn megi hafa neina trú - og alveg sérstaklega ekki kristna.

Maður sér á öllu að hugmyndin um réttarríkið er léttvæg fundin. Lögum og reglum er breytt í sífellu. Hótað eignarnámi og þjóðnýtingu. Niðurstaða Hæstaréttar vegna kosningarinnar um stjórnlagapíngið var að engu höfð. Niðurstaða Hæstaréttar !!!

Verum minnug þess að ein af orsökum bankahrunsins var skortur manna á virðingu fyrir lögum og rétti.

Skammtímalausnir og óðagot var látið ryðja grundvallarreglum samfélagsins og gildum úr vegi.

En það er eins og sumir hafi ekkert lært af því sem hér gerðist.

Það sem við horfum uppá í dag eru handahófskenndar ákvarðanir byggðar á pólítískum hagsmunum en ekki gildandi reglum. Þegar nefnd um erlenda fjárfestingu komst að niðurstöðu í Magma málinu var komið á fót nýrri nefnd, án allrar lagastoðar, til að endurskoða málið. Þetta var réttlætt með því að hinn pólítíski vilji lægi fyrir. Sama gerðist í raun í stjórnlagapíngsmálinu.

Svona framganga skerðir athafnafrelsi einstaklingsins og skapar óþolandi óvissu um líf manna og hagsmuni.

Við eigum allt undir því að þeir sem valdir verða til að stýra þessu landi til framtíðar lofi íslensku þjóðinni að ganga á undan með góðu fordæmi, taka einungis ákvarðanir á grundvelli gildandi laga í þágu almannahagsmuna, virða og styrkja íslenska réttarríkið.

Aldrei aftur má virðingarleysið fyrir lögumum ráða ferðinni í íslensku samfélagi.

**

Af öllu þessu sjáið þið að baráttan stendur um margt af því sem okkur Sjálfstæðismönnum er kærast og er mikilvægast til að byggja gott samfélag.

Hún stendur um grunngildin.

Góðir landsfundarfulltrúar,

Ég hef hér nefnt fylgistöður. En það eru aðrar tölur sem við þurfum líka að ræða – tölur sem halda fyrir okkur vöku. Þær fjalla um stöðu heimilanna í landinu.

Á Íslandi eru tólf þúsund einstaklingar atvinnulausir. Helmingur þeirra hefur verið atvinnulaus í að minnsta kosti hálf ár, þar af fjögur þúsund og fimm hundruð í heilt ár eða lengur, og þeim fer fjölgandi.

Á Suðurnesjum er atvinnuleysið yfir ellefu prósent. Í þeim landshluta einum eru yfir þrettán hundruð einstaklingar atvinnulausir.

Nýbirt lífshagránnsókn Hagstofunnar sýnir sömuleiðis nóturlega stöðu. Meira en helmingur heimila á erfitt með að ná endum saman – meira en helmingur heimila – og þeim hefur fjölgað umtalsvert frá því í fyrra. Takið eftir því: Heimilum sem eiga erfitt með að ná endum saman fjölgaði á milli ára, rétt eins og í fyrra og árið þar áður.

Einstæðir foreldrar standa verst að vígi og nú er svo komið að næstum 80% - næstum átta þúsund fjölskyldur - eiga erfitt með að ná endum saman. .

Í könnuninni kemur einnig fram að 40% heimila geta ekki mætt óvæntum útgjöldum. Og viti menn - þessi hópur fer líka ört stækkandi ! rétt eins og sá fyrri.

Raunar er hin hrikalega staðreynd sú, að hann hefur stækkað jafn mikið á hverju ári frá hrúni.

Þetta er hinn svokallaði árangur vinstri ríkisstjórnarinnar. Þetta er hrikaleg uppskeran af ráðleysi hennar og rangri stefnu. Þetta er skjaldborgin sem vinstri stjórnin lofaði íslenskum heimilum. Hin svokallaða norræna velferð hefur falist í því að kalla fram hrún yfir heimilin á hverju einasta ári. Árið 2009, árið 2010, árið 2011.

**

Og ekki er staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar glæsilegri. Hún er þvert á mótí grafalvarleg.

Hagvöxtur er alltof lítil, og miklu minni en forsendur eru fyrir. Lítil hagvöxtur þýðir að líf skjörin batna ekki.

Það er sérstaklega alvarlegt að bæði innlendir og erlendir sérfræðingar hafa á undanförunum mánuðum lækkað hagvaxtarspár sínar fyrir landið og eru þar með svartsýnir á að líf skjör landsmanna batni.

Verðbólgan fer vaxandi og hefur ekki verið meiri í tæpt eitt og hálf ár. Bein afleiðing af því er að verðtryggðar skuldir almennings hækka og kaupmáttur fólks rýrnar.

Gjaldprotum fjölgar, sem enn eykur líkurnar á því að atvinnuleysi festi sig í sessi og verði viðvarandi.

Skattbyrði almennings er þyngri en í nokkru öðru OECD ríki, og nú ætlar Steingrímur J. Sigfússon að láta kné fylgja kviði og hækka skattana enn meira á fólkið í landinu. You ain't seen nothing yet, og kann ekki að skammast sín.

Samkeppnishæfni þjóðarinnar hefur hrunið, og fjárfestingar eru með því minnsta sem þekkist á evrópska efnahagssvæðinu. Þær hafa aldrei verið minni frá stofnun lýðveldisins.

Ríkisfjármálin eru í algjörum ólestri og ríkið er rekið með gríðarlegum halla.

**

Í stað þess að horfast í augu við þessar staðreyndir gerir ríkisstjórnin dauðaleit, inn á milli rauðblikkandi neyðarljósanna, að einhverjum hagvísnum sem ekki stefna í vitlausa átt, og þá sjaldan að einn slíkur finnst, eins og nál í heystakki, þá fagna þau og hreykja sér.

Þess á milli halda þau áfram að kvarta yfir því hversu starfið sé erfitt.

Að það sé nú ekki öfundsvert verkefni að standa í þessu.

Ég er orðinn óskaplega leiður á því tali. Við erum öll orðin þreytt á sjálfsvorkunn ráðvilltra vinstri manna. Þau ættu að hafa í huga að þetta ástand er fyrst og fremst erfitt fyrir fólkið í landinu!

Fólkið sem nú er atvinnulaust.

Fólkið sem glímir við skuldir.

Fjölskyldur sem berjast í bökkum.

Það er fólkið sem við í Sjálfstæðisflokknum berjumst fyrir.

**

Góðir samherjar,

Eins og ég hef rakið fara líf skjör almennings á Íslandi enn versnandi, þremur árum eftir hrun.

Ástæðan er að stjórnvöld standa í vegi fyrir aukinni verðmætasköpun, sem er það eina sem getur lyft okkur upp úr þessu ástandi.

Við verðum að hefja sköpun nýrra verðmæta til að komast úr sporunum.

En ef kraftar fólks og fyrirtækja á Íslandi eiga að fá að njóta sín til að skapa verðmæti, verður að leiða stefnu Sjálfstæðisflokksins til öndvegis við stjórn landsins.

Við lögðum á dögunum fram ítarlegar og raunhæfar tillögur um það hvernig megi auka fjárfestingar, koma atvinnulífinu af stað, styrkja stöðu heimila og fyrirtækja, koma skikki á fjármál ríkissjóðs, og hrinda af stað öfluggu hagvaxtarskeiði á Íslandi.

Þessar tillögur sendum við inn á hvert einasta heimili í landinu, kynntum þær á fjöldamörgum fundum um allt land, og höfum fengið frábærar viðtökur.

Meginverkefnið er að til verði störf.

Við þurfum að koma fólki til vinnu, hvort sem það býr á Reykjanesi, fyrir vestan, austan, norðan eða sunnan.

Við þurfum að endurheimta þær þúsundir starfa sem hér hafa glatast á síðustu misserum, svo að atvinnuleysið verði ekki viðvarandi.

Stórsókn í atvinnumálum er stærsta hagsmunamál heimilanna, og við vitum hvað þarf til:

Burt með skattahækkanirnar.

Ábyrg ríkisfjármál.

Komum lagi á skuldaúrvinnsluna.

Fáum fjárfestingu af stað með hvetjandi umhverfi.

Eyðum óvissu.

Styrkjum stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Aukum aflaheimildir og stöndum vörð um grunnatvinnugreinarnar. Í sjávarútvegi bíða nú tugmilljarða fjárfestingar á hliðarlínunni eftir að óvissunni linni.

Og nýtum tækifærin sem felast í aukinni orkusölu. Það eina sem þarf er vilji til að nýta auðlindirnar í góðri sátt við umhverfið. Framtíðin geymir ótrúleg tækifæri á þessu

sviði, orkuverð fer hækkandi og hrein orka verður eftirsóttari með hverjum degi. Þessi tækifæri verðum við að nýta til að halda áfram að bæta líf skjörin.

Við höfum græna orku. Við höfum vel menntað fólk. Fjárfestar um allan heim leita tækifæra þar sem þetta tvennt fer saman.

Sjáum til þess að þau verði nýtt !

Kæru vinir,

Stefnan er skýr - og hún er tiltölulega einföld.

En kraftarnir, sem þessi stefna mun leysa úr læðingi í atvinnulífinu, munu aldrei fá að njóta sín meðan hér eru stjórnvöld sem kunna þá leið eina, að seilast beint ofan í vasa fyrirtækjanna í stað þess að skapa þeim skilyrði til að vaxa og dafna.

Þessir kraftar eru það eina sem getur bætt líf skjör á Íslandi til langframa;

það eina sem getur unnið bug á atvinnuleysinu,

skapað fleiri störf,

og hærri laun.

Kæru samherjar,

Skuldavandi heimilanna er dæmi um mál sem ríkisstjórnin hefur aldrei tekið föstum tókum.

Hún hefur lítið annað gert en að kerfisvæða vandann og senda fólk í biðraðir og skipa þeim tilsjónmenn.

Það er hluti af efnahagtilögum okkar að taka mun fastar á þessum vanda, leysa hann í eitt skipti fyrir öll og koma heimilunum til aðstoðar.

Með meiri afskriftum,

Með lægri sköttum, gjöldum og álögum,

Með fjölbreyttari lánamöguleikum. Að allir eigi raunhæfan valkostu um verðtryggð EÐA óverðtryggð lán á föstum vöxtum, og með réttlátari málsmeðferð.

Við krefjumst þess af bönkunum að þeir geri almennilega grein fyrir þeim afslætti sem þeir fengu af lánum til heimila, svo að það sjáist svart á hvítu hvaða svigrúm þeir hafa til frekari afskrifta.

Það er blaut tuska í andlit okkar allra þegar það er upplýst að 76 milljarðar króna renni til erlendra kröfuhafa og þá fyrst og fremst vogunarsjóða, vegna endurmats á eignum viðskiptabankanna.

Hvaða réttlæti er fólgið í því að erlendir spákaupmenn sem hafa makað krókinn á falli íslenska fjármálakerfisins græði 76 milljarða á meðan fjölskyldurnar í landinu berjast við að halda heimilum sínum?

Hin ístöðulausa og sundurlausa vinstri stjórntjórn situr bara hjá - og þau skötu hjúin yppa bara öxlum í ráðaleysi.

Góðir fundarmenn,

Verði þessari stefnu hrint í framkvæmd, okkar stefnu um alvöru aðgerðir fyrir heimili og atvinnulíf, mun Ísland endurheimta stöðu sína sem eitt þeirra ríkja heims þar sem mest hagsæld ríkir, í stað þess að vera það land sem fólk neyðist til að flýja í þúsundavís, eins og nú er.

Það veltur aðeins á því hvort við nýtum tækifærin.

**

Kæru félagar,

Stefna Íslands í utanríkismálum hefur aldrei verið eins einkennileg og í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Í öryggis- og varnarmálum er staðan sú, að annar stjórnarflokkurinn er fylgjandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á meðan hinn stjórnarflokkurinn vill að Ísland segi sig úr því.

Um afstöðuna til Evrópusambandsins gildir nákvæmlega það sama. Þar er hver höndin upp á móti annarri.

Við sjálfstæðismenn greiddum atkvæði gegn því á Alþingi, að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu.

Við kröfðumst þess að þjóðin fengi að greiða atkvæði um það hvort sótt yrði um aðild, en hinir lýðræðiselskandi vinstriflokkar, sem segjast hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslum þegar það hentar þeim, voru andvígir því að þjóðin fengi að tjá sig.

Eins og við vitum eru skoðanir skiptar innan flokksins okkar um Evrópusambandsaðild. Þær raddir heyrast úr röðum aðildarsinna, að of oft sé afstöðu þeirra mótmælt með stóryrðum. Ég vil hvetja flokksmenn, sem kunna að hafa búið

um sig í skotgröfum í þessu máli, til að stíga upp úr þeim. Það gildir á báða bóga. Öll berum við hagsmuni Íslands fyrir brjósti af einlægni.

Síðasti landsfundur okkar ályktaði að draga bæri aðildarumsóknina til baka. Það er stefna flokksins og hún er skýr.

Að mínu mati er þetta rökrétt niðurstaða, óháð því hvaða afstöðu menn hafa til aðildar, því að það er beinlínis óheiðarlegt af okkur sem þjóð, og grefur undan virðingu okkar á alþjóðavettvangi, að standa í svo þýðingarmiklum viðræðum þegar hugur fylgir alls ekki máli, hvorki hjá þjóðinni né hjá ríkisstjórninni sem stendur að leiðangrinum.

Það blasir við í þessum viðræðum er auðvitað sá, að ríkisstjórnin er ekki trúverðugur viðsemjandi. Evrópusambandsríkin eru að átta sig betur og betur á því, að viðræðurnar eru miklu nær því að vera sýndarviðræður en aðildarviðræður.

Ástæðan er sú að það skortir alla pólitíska forystu í málinu, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar hefur bent á. Það vita allir að annar stjórnarflokkurinn er álíka spenntur fyrir aðild Íslands að ESB og hann er fyrir aðild Íslands að NATO.

Það er sannfæring mín að hagsmunum Íslands sé best borgið utan ESB.

En ég ítreka það sem ég sagði á síðasta landsfundi: Ef ríkisstjórnin þráast við, og heldur viðræðunum til streitu, er það að sjálfsögðu skylda okkar að beita okkur af alefli fyrir því að hagsmuna Íslands verði gætt í hvívetna í viðræðuferlinu.

Við þekkjum jú öll hversu mikla hæfileika og sérþekkingu þessi ríkisstjórn hefur til að gera hagfellda samninga við önnur ríki.

**

Í helsta prófi sínu á því sviði hingað til, Icesave-samningunum, brást hún þjóðinni algerlega og ítrekað.

Fyrstu tveir samningarnir sem hún bar á borð fólu í sér stórhættu á þjóðargjaldproti. Þeir verða lengi í minnum hafðir sem einhver mestu afglöp íslenskrar stjórnmalasögu.

Þegar síðustu samningalotunni lauk seint á síðasta ári lá fyrir að Icesave málið hafði tekið á sig allt aðra og nýja mynd. Sú áhætta sem fylgdi samningunum hafði dregist saman um fjögur hundruð milljarða hið minnsta borið saman við það sem kynnt var í júní 2009.

Eins og þið vitið varð það mín niðurstaða, og meirihluta þingflokksins, að styðja þá samninga - og um leið kröfðumst við þess að þjóðin fengi að eiga síðasta orðið.

Sumir segja að með þessu hafi verið farið gegn ályktun landsfundar.

Ég leit hins vegar aldrei svo á - að ef hagsmunir Íslands væru tryggðir - væru landsfundarfulltrúar engu að síður að hafna því að samið væri í viðkvæmu deilumáli við þessar þjóðir.

Ályktunin var í mínum huga fyrst og fremst til að brýna þingmenn flokksins og aðra til að standa órofa vörð um hagsmuni lands og þjóðar.

Það gerði ég ásamt öllum þingmönnum, jafnt þeim sem greiddu atkvæði með síðasta samningi og þeim sem stóðu gegn honum.

Hefði ég talið að landsfundur væri með ályktun sinni að binda hendur þingflokksins hefði ég vakið athygli á því á landsfundinum og látið greiða sérstaklega atkvæði um það því þá stóðu samningaviðræðurnar einmitt yfir með stuðningi þingflokksins.

Auk auki vil ég segja þetta:

Það þurfti ekki landsfundarályktun fyrir mig til að hefja harða baráttu gegn Icesave samningunum. Þar var ég í fremstu víglínu frá upphafi.

Við mynduðum nýjan meirihluta á þinginu gegn fyrstu samningunum og stóðum þétt saman gegn ríkisstjórninni.

Þá sættum við þingmenn Sjálfstæðisflokksins harðri gagnrýni fyrir málþóf, og við sátum undir ásökunum um að stunda gamaldags átakapólitík í stað samræðna og sátta. Fremstir fóru talsmenn þjóðargjaldþrotasamninganna og undir tóku flestir fjölmiðlar og álitsgjafarnir.

Kæru félagar, hver væri staða þjóðarinnar, ef forysta Sjálfstæðisflokksins og þingmenn, hefðu látið undan kröfum um ný vinnubrögð í nafni sátta og samvinnu þegar barist var gegn Icesave-samningunum 2009 og 2010 ?

Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan var engin tilviljun. Til hennar var boðað í kjölfar kröftugra mótmæla á Alþingi – við stóðum fyrir lengstu umræðu í þingsögunni – og við bættust síðan áskoranir almennings til forseta Íslands.

Áður en landsfundur ályktaði tók ég málið upp við alla forsætisráðherra Norðurlandanna á Norðurlandaráðsþingi. Ég flaug til Kaupmannahafnar í þeim tilgangi einum að eiga fund með utanríkisráðherra Danmerkur til að afla stuðnings við okkar sjónarmið.

Ég fór einnig til Hollands til fundar við hollenska og breska ráðherra til að útskýra sjónarmið okkar Íslendinga.

Um haustið 2010 sótti ég auk þessa landsfund Breska íhaldsflokksins fyrst og fremst í þeim tilgangi að ná fundi forsætisráðherra og utanríkisráðherra Bretlands. Það tókst og þar krafðist ég þess að Bretar létu af kröfum sínum í málinu.

Og allt þetta hafði áhrif. Málið var gjörbreytt þegar eftir þessa miklu baráttu.

Niðurstaða mín í Icesave málinu var byggð á því sem ég taldi best og skynsamlegast fyrir íslenska þjóð, fyrir íslenska hagsmuni. Það voru hagsmunir heildarinnar, þjóðarinnar allrar, sem drifu mig áfram í Icesave málinu. Ég segi fullum fetum: ég er stoltur af þeim mikla árangri sem viðspyrna okkar á Alþingi skilaði.

Málinu er enn ekki lokið - angar þess eru fyrir dómstólum í Evrópu. Endanleg málalok fást hins vegar ekki að lögum nema fyrir íslenskum dómstólum.

Í síðustu viku fundaði ég með forsætisráðherra Bretlands og krafðist þess að Bretar féllu frá hinum gríðarháu vaxtakröfum m.a. í ljósi þess að allar innistæður, ekki aðeins hinar tryggðu, munu fást greiddar úr þrotabúinu.

Tíminn einn mun leiða í ljós hver næstu skref verða í deilunni en góðar horfur um heimtur úr þrotabúi Landsbankans eru fagnaðarefni hvernig sem á málið er litið.

Góðir landsfundarfulltrúar

Sagt er að stjórnsmál á Íslandi eigi í ákveðinni kreppu, sem endurspeglar í því að almennt vantraust ríki í garð helstu stofnana á borð við Alþingi, og í garð stjórnsmálamanna og stjórnsmálaflokka.

Við þessu eru einkum boðnar tvenns konar lausnir:

Í fyrsta lagi að skipta út hinum rótgrónari flokkum fyrir ný framboð.

Í öðru lagi er sagt að breyta þurfi umræðuhefðinni og draga úr þeim hörðu átökum sem oft einkenna stjórnsmálstarfið. Skoðum þetta tvennt nánar.

**

Ný framboð eru ekkert nýtt á Íslandi heldur þvert á móti regla fremur en undantekning. Ótal framboð hafa komið og farið. Þrátt fyrir að þau hafi sum hver haft mikið fylgi um tíma, þá lengist sífellt listinn yfir þau sem hafa ýmist lognast út af, sprungið í loft upp, eða einfaldlega runnið inn í þá flokka sem fyrir voru.

Nægir þar að nefna Íslandshreyfinguna, Frjálslynda flokkinn, Frjálslynda og vinstri menn, Bandalag jafnaðarmanna, Borgaraflokkinn og Þjóðvaka, hreyfingu fólksins. Borgarahreyfingin – nýjasta aflið á Alþingi fékk fjóra menn kjörna í síðustu kosningum.. Hún á hins vegar engan þingmann núna, einn fór í VG - hinir mynduðu Hreyfinguna, sem mælist varla í dag

Þessi saga endurtekur sig – aftur... og aftur.

Engu að síður heyrir oft, og þá aðallega hjá svokölluðum álitsgjöfum í fjölmiðlum, að flokkar eins og Sjálfstæðisflokkurinn séu úreltir og eigi ekki lengur erindi við fólkið í landinu. Þá mætti bara gjarnan leggja niður.

Upp til hópa er þetta fólkið sem trúði því - og vonaði jafnvel - að Sjálfstæðisflokkurinn myndi liðast í sundur eftir kosningarnar 2009.

Við þetta fólk segi ég: Sjálfstæðisflokkurinn, stefna hans og grunngildi eru stál, sem hefur verið hert í rúm 80 ár.

Hann eflist við hverja raun.

Hann er ekki að fara neitt.

Ef hann væri ekki til í dag yrði hann stofnaður strax í fyrramálið, af sama fólki og er hér inni, um sömu hugsjónir og gildi, því að hann á svo sannarlega erindi, og það erindi er að leiða Ísland út úr villu og doða vonlausrar vinstristefnu - inn í nýtt og kröftugt framfaraskið!

**

En hvað þá um hitt atriðið, sem sagt er valda því að sumir hafi misst trú á stjórnámálum, það er að segja: umræðuhefðina og átökin.

Það kann að vera að þetta sé að einhverju leyti rétt. En ég hef sagt það áður og segi það enn, að virðing og traust til Alþingis, stjórnámálanna og stjórnámálaflokka helst í hendur við þann árangur sem menn ná.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki náð neinum árangri, hvorki fyrir heimilin né fyrirtækin í landinu. Henni hefur þvert á móti mistekist herfilega, hún hefur svikið sín dýrustu loforð. Það er að mínu mati meginástæðan fyrir því að traust til Alþingis fer þverrandi.

Ég heyri kallað eftir nýjum vinnubrögðum. Nýjum stjórnámálum. Aukinni samvinnu. Auknum umræðum. – Þetta hef ég meðal annars heyrt í aðdraganda þessa landsfundar.

Við þessu er það að segja, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt sig fram um að eiga gott samstarf við aðra flokka um öll mál sem horfa til framfara.

Við sýndum t.d. viljann í verki þegar við áttum aðild að sáttanefndinni um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum og studdum meginniðurstöðu þeirrar vinnu.

En um þau mál sem eru andstæð hugsjónum okkar og gildum höfum við ekki átt huggulegar samræður með málamiðlanir að leiðarljósi.

Og það stendur ekki til.

Við tökum til að mynda ekki þátt í því með ríkisstjórninni, í nafni nýrra vinnubragða og umræðustjórn mála, að rústa undirstöðu atvinnuveg þjóðarinnar með þeim hætti sem ríkisstjórnin reynir nú að gera.

Við skattþíningarstefnu ríkisstjórnarinnar verður ekki brugðist með neinu öðru en grjóthörðum mótmælum og andstöðu.

Og aldrei kom það til mála að eiga samráð eða samvinnu við ríkisstjórnina að efna til fyrstu pólitísku réttarhaldanna á Íslandi.

**

Góðir sjálfstæðismenn

Það hefur verið sérstakt áhugamál núverandi stjórnvalda að ná sér niðri á fyrrverandi forystumönnum Sjálfstæðisflokksins.

Það hefur ítrekað verið vegið að Davíð Oddssyni, fyrrv. formanni okkar og farsælasta forsætisráðherra seinni tíma. Eitt fyrsta verk minnihlutastjórnarinnar vorið 2009 var að hrekja hann úr stóli Seðlabankastjóra, undir þeim ótrúlegu formerkjum að ráðast þyrfti í hreinsanir í þjóðfélaginu.

Íslensk stjórn mála náðu síðan nýjum lögðum, og íslenskir stjórn málamenn sýndu á sér sínar verstu hliðar, þegar meirihluti þingmanna ákvað að efna til pólitískra réttarhalda yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi formanni okkar.

Með því freistuðu andstæðingar flokksins þess að gera Geir ábyrgan fyrir hruninu, einan stjórn málamanna. Þeir sem að þessu standa gátu sumir hverjir ekki einu sinni stutt neyðarlögin.

Í málsókninni felst ekki aðeins sú krafa að hann verði látinn sæta sektum eða fangelsisvist fyrir störf sín, heldur einnig það markmið að svipta hann ærunni.

Aðförin að Geir H. Haarde er ógeðfæld og þeim sem að henni standa til ævarandi skammar.

Réttarhöldin standa nú yfir fyrir Landsdómi.

Veigamestu ákæruliðunum hefur verið vísað frá dómi, þannig að ákærendur málsins hafa réttilega þegar orðið fyrir þungu áfalli.

Við þig Geir, vil ég segja persónulega, að mér blöskrar þessi aðför og ég stend heilshugar á bakvið þig í þessu máli.

Það gerir líka hver einasti þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Hver einasti sveitarstjórnarmaður Sjálfstæðisflokksins styður þig.

Og ég veit að ég tala fyrir hönd allra sem hér eru inni, fyrir hönd hvers einasta sjálfstæðismanns á landinu, og þúsunda Íslendinga, þegar ég segi:

Við styðjum þig öll !

Góðir landsfundargestir,

Á fundi okkar fyrir tveimur árum sagðist ég óska þess, að þegar við færum af fundinum tækjum við með okkur von um bjartari framtíð.

Á fundi okkar í fyrra sagðist ég vita að við tækjum ekki aðeins með okkur þá von heldur vissu um að Sjálfstæðisflokkurinn myndi ná fyrri styrk sínum.

Það gleður mig ósegjanlega að geta staðið hér í dag og sagt, að þetta takmark er ekki aðeins í sjónmáli – það hefur náðst.

Við sjáum það ekki bara í könnunum.

Við finnum það í eigin brjósti.

Og við sjáum það í augum hvers annars.

**

Framundan er mikil barátta.

Baráttan fyrir því að koma núverandi vinstri stjórn frá völdum og stefnumálum okkar sjálfstæðismanna til framkvæmda.

Við skulum öll standa saman í þeirri baráttu.

Þessa baráttu vil ég leiða sem formaður Sjálfstæðisflokksins og berjast við hlið ykkar fyrir hugsjónum okkar allra og fyrir því að leiða Sjálfstæðisflokkinn inn í nýja tíma – til glæstra sigra.

Ég mun hvergi draga af mér. Því heiti ég ykkur.

Við skulum berjast sem einn maður gegn vinstriöflunum sem nú eru við völd í þessu landi, því þegar við sjálfstæðismenn stöndum saman, stenst enginn stjórn mála flokkur á Íslandi okkur snúning.

Við skulum nýta þennan landsfund sem upphaf þeirrar baráttu.

Ég veit að barátta okkar mun leiða íslensku þjóðina út úr erfiðleikunum.

Sjálfstæðisstefnan er verkfærið sem gerir Íslendingum kleift að nýta tækifærin.

Barátta okkar mun skapa nýja framtíð, nýtt upphaf !

Kæru vinir,

Fertugasti landsfundur Sjálfstæðisflokksins er settur.